

4. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni og ómerktir eru, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og eða vitji hans innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigandi vitjar hans eigi innan tveggja sólarhringa og svarar ekki til saka um brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða, hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundinum, án frekari fyrirvara. Leyfi til viðkomandi eigenda skal þá falla úr gildi og eigi endurnýjast.

Eigendur hunda, sem teknir eru úr umferð, skulu greiða áfallinn kostnað við vörslu þeirra. Ef uppvíst verður um óskráðan hund, skal eiganda hans gert að greiða árgjald til bæjarsjóðs, að viðbætti sekt samkv. 3. gr.

5. gr.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkv. samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna bæjarstjóra án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness staðfestist hér með samkv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir varðandi hundahald á Akranesi, sem fara kunna í bága við samþykkt þessa.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hellu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. janúar 1980 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hellu í Rangárvallahreppi Rangárvallasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Rangárvallahrepps og skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur Hellu sem staðfestur var 2. apríl 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.